

45

4. ágúst

**AUGLÝSING**

um breytingar á samþykkt fyrir Útvegsbanka Íslands h.f., nr. 88 7. sept. 1932.

## 1. gr.

Fyrsta málsgr. 23. gr. orðist svo:

Fulltrúaráðið er skipað 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, sem kosnir eru á aðalfundi hluthafa með hlutfallskosningu.

## 2. gr.

Síðari málsgr. 24. gr. orðist svo:

Nú er fulltrúi forfallaður og tekur þá varafulltrúi hans sæti í fulltrúaráðinu í hans stað.

## 3. gr.

Aftan við 26. gr. bætist:

Dóknun varafulltrúa fer eftir fundafjölda, sem þeir hafa mætt á, og úrskurðar fulltrúaráðið hver hún skuli vera.

Þannig samþykkt á framhaldsaðalfundi Útvegsbanka Íslands h.f., 3. ágúst 1939.

F. h. fulltrúaráðs Útvegsbanka Íslands h.f.

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

Framanritaðar breytingar á samþykktum fyrir Útvegsbanka Íslands h.f., staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. ágúst 1939.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

46

12. ágúst

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um hitaveitu Reykjavíkur.

**Vér Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

**G j ö r u m k u n n u g t :** Félagsmálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að til þess að unnt verði að koma í framkvæmd og tryggja rekstur fyrirhugaðrar hitaveitu fyrir Reykjavík frá jarðhitasvæðum jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, sé nauðsynlegt að setja með bráðabirgðalögum, ákvæði um stofnun og starfrækslu hitaveitunnar, svo og um ábyrgð ríkissjóðs á lánnum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekur til þessara framkvæmda, og um tryggingar lánveitanda fyrir lánunum. Samkvæmt þessu teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög um hitaveitu Reykjavíkur.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til